

Málsnúmer Skjalalykill
Nefndasvið Alþingis 2005110057 211
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK 25. nóvember 2005

Frumvarp til laga um fjarskiptasjóð - 191. mál.

Vísað er til bréfs samgöngunefndar Alþingis, dags. 8. nóvember sl., þar sem Póst- og fjarskiptastofnun er sent til umsagnar frumvarp til laga um fjarskiptasjóð, 191. mál.

Í 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins kemur fram að Póst- og fjarskiptastofnun er ætlað að hafa eftirlit með framkvæmd verkefna sjóðsins sem njóta styrkja. Þar segir einnig að um framkvæmd útboða og eftirlit fari samkvæmt ákvæðum fjarskiptalaga. Í 23. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 segir að Póst- og fjarskiptastofnun skuli falið að gera samninga við fjarskiptafyrirtæki í kjölfar útboðs um verkefni til almannaheilla, í öryggisskyni, af umhverfisástæðum eða samkvæmt byggðasjónarmiðum sem ekki teljast til alþjónustu. Það er því ljóst að stofnuninni eru ætluð viðamikil verkefni í tengslum við starfsemi fjarskiptasjóðs.

Stofnunin telur mikilvægt að skýrt sé kveðið á um að sá kostnaður sem stofnunin mun bera vegna þessara verkefna verði greiddur úr fjarskiptasjóði. Tekjur Póst- og fjarskiptastofnunar í dag samanstanda annars vegar af veltutengdum gjöldum sem fyrirtæki á fjarskipta- og póstmárkaði greiða og hins vegar af gjöldum samkvæmt gjaldskrá sem greidd eru af viðskiptavinum stofnunarinnar vegna starfrækslu þráðlauss búnaðar og vegna skoðana sem stofnunin framkvæmir t.d. á fjarskiptabúnaði skipa. Ekki er eðlilegt að þjónustugjöldum og fjármunum sem ætlað er að standa undir eftirliti með markaðsaðilum sé ráðstafað í þágu útboða og eftirlits með verkefnum sem stjórnvöld ráðast í á grundvelli fjarskiptaáætlunar. Í því sambandi ber að nefna að ströng skilyrði gilda um gjalddöku af fjarskiptafyrirtækjum og ráðstöfun þess fjár, skv. 12. gr. og 13. gr. tilskipunar 2002/20/EB um heimild fyrir rafrænum fjarskiptanetum og -þjónustu (heimildartilskipun). Þar eru talin upp þau atriði sem heimilt er að fjármagna með gjalddöku af fjarskiptafyrirtækjum og eru útboð og eftirlit með verkefnum á borð við verkefni fjarskiptasjóðs ekki þar á meðal.

Af þessum sökum leggur Póst- og fjarskiptastofnun til að 7. gr. frumvarpsins orðist svo:

Fjarskiptasjóður ber allan kostnað af starfsemi sinni og allan kostnað Póst- og fjarskiptastofnunar af starfsemi sem tengist verkefnum sjóðsins.

Virðingarfyllst,

Sigurjón Ingvason